

Jarðfræði- og Bárðar sögu ferð

9. bekkur - árgangur 2010

2024-2025

Nemendur 9. bekkjar fóru í rútuferð fyrir Snæfellsjökul þar sem þeir fræddust um jarðfræði svæðisins ásamt því að skoða nánar þau örnefni sem fyrir koma í Bárðar sögu Snæfellsáass. Farið var í vestur frá Ólafsvík og áttu nemendur að lesa upp texta á ákveðum stöðum og áttu nemendur að hlusta og glósa niður upplýsingar. Byrjað var að stoppa hjá Enninu og endaði síðasti upplestur við Mælifell. Síðan var farið í spurningakeppni daginn eftir. Ferðin gekk mjög vel og voru nokkrir nemendur sem fengu sér sundsprett í Bárðarlaug þrátt fyrir leiðindaveður.



